

Yfirlýsing um staðfestingu á beiðni um aðstoð við móttöku rafrænna skilríkja

Fyrir rafræn skilríki gefin út undir milliskilríki Auðkennis

Með undirskrift minni eða stimpli hér að neðan staðfesti ég að hafa beiðið um og þegið aðstoð við móttöku á rafrænum skilríkjum á korti frá Auðkenni ehf.

Ég staðfesti jafnframt að mér séu ljósar eftirfarandi forsendur fyrir að þiggja aðstoðina:

- a. Ég geri mér grein fyrir að með því að þiggja aðstoðina er ég að veita þriðja aðila aðgang að upplýsingum sem mér ber að varðveita og halda leyndum.
- b. Ég staðfesti að PIN og PUK númer mín sem ég veitti þriðja aðila aðgang að við móttökuna eru nú á ný í minni vörslu og ég mun varðveita og meðhöndla gögnin að fullu í samræmi við áskriftarsamninginn sem ég hef undirritað, þar með talið en ekki einskorðað við:
 - o Ég mun ekki afhenda öðrum PIN númerið eða upplýsa aðra um það.
 - o Ég mun ekki varðveita PIN númerið á sama stað og rafrænu skilríkin.
- c. Ég geri mér grein fyrir að ég ber ábyrgð á öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru með rafrænu skilríkjunum mínum og PIN númerinu sem mér ber að varðveita.
- d. Ef ég sem ábyrgðaraðili ofangreindra skilríkja hef einhverja ástæðu til að ætla að rafrænu skilríkin hafi með einhverjum hætti verið misnotuð eða að öryggi einkalykla sem tengjast þeim eða PKI-PIN geti hafa verið stofnað í hættu á gildistíma skilríkjanna mun ég þegar í stað óska eftir því að Auðkenni afturkalli rafrænu skilríkin.

staður og dagsetning

skilríkjahafi